

## Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar

2014/EES/4/46

frá 22. desember 2003

um breytingu á ákvörðun 2002/657/EB með tilliti til þess að ákvarða lágmarkskröfur um nothæfi  
(MRPL) að því er varðar tiltekna efnaleifar í matvælum úr dýraríkinu

(tilkynnt með númeri C(2003) 4961)

(2004/25/EB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003<sup>(2)</sup>, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Efnaleifar í afurðum úr dýraríkinu eru áhyggjuefni vegna lýðheilsu. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/657/EB frá 12. ágúst 2002 um framkvæmd á tilskipun ráðsins 96/23/EB varðandi nothæfi greiningaraðferða og túlkun niðurstaðna <sup>(3)</sup>, eins og henni var breytt með ákvörðun 2003/181/EB <sup>(4)</sup>, er kveðið á um aðferð til að koma smám saman á lágmarksviðmiðunarmörkum fyrir nothæfi (MRPLs) greiningaraðferða til að greina efni sem ekki er leyfilegt að nota eða eru sérstaklega bönnuð í Bandalaginu.
- 2) Þar eð greinst hafa leifar af lyfjafræðilega virka efninu malakítgrænu, en notkun þess í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manndis er ekki leyfileg í Bandalaginu, og umbrotsefni þess malakítfólgrænu í lagareldisafurðum hafa mörkin fyrir samræmdar lágmarkskröfur varðandi nothæfi greiningaraðferða, þegar um þetta efni er að ræða, verið samþykkt í samráði við tilvísunarrannsóknarstofur Bandalagsins, tilvísunarrannsóknarstofur í hverju aðildarríki og aðildarríkin.
- 3) Nauðsynlegt er að kveða á um samræmd mörk fyrir eftirlit með þessu efni til að tryggja sömu neytendavernd í Bandalaginu.

- 4) Því ber að breyta ákvörðun 2002/657/EB til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvörðun 2002/657/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að greiningaraðferðirnar, sem notaðar eru til að greina eftirfarandi efni, uppfylli lágmarksviðmiðunarmörk fyrir nothæfi (MRPL), sem sett eru fram í II. viðauka, fyrir þann efnivið sem um getur í þeim viðauka:

- a) klóramfenikól
- b) umbrotsefni nitrófúrana,
- c) medroxýprógesterón,
- d) malakítgræna.“

2. Ákvæðum II. viðauka við ákvörðun 2002/657/EB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. desember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRN

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 6, 10.1.2004, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2005 frá 29. apríl 2005 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 46, 15.9.2005, bls. 5.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 221, 17.8.2002, bls. 8.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 71, 15.3.2003, bls. 17.

## VIÐAUKI

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/657/EB er breytt sem hér segir:

Í II. viðauka bætist við eftirfarandi lína:

„Efni og/eða umbrotsefni	Efniviður	Lágmarksviðmiðunarmörk fyrir nothæfi
Samanlagt magn malakítgrænu og malakítfólgrænu	Kjöt af lagareldisafurðum	2 µg/kg <sup>66</sup>